

## GJALDSKRÁ

**fyrir losun taðþróa í Hlíðarþúfum í Hafnarfjarðarkaupstað.**

1. gr.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar er heimilt að leggja á sérstakt sorphirðugjald.

2. gr.

Taðþróargjaldið skal standa undir öllum kostnaði við hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum. Þar sem hreinsun taðþróa er sérstaklega flókin skal heimilt að leggja á aukagjald fyrir sannanlegum kostnaði. Af öllum hestúsum í Hlíðarþúfum skal greiða taðþróargjald.

3. gr.

Taðþróargjald greiðist til bæjarsjóðs Hafnarfjarðar og skulu gjalddagar þess vera hinir sömu og gjalddagar fasteignagjalda.

4. gr.

Gjaldskrá um hreinsun taðþróa í Hlíðarþúfum – hestúsahverfi:

Taðþróargjald*	pr. stú	<i>Árgjald kr.</i> 8.253
----------------	---------	-----------------------------

\* Taðþróargjald á hverja stú samkvæmt samþykktri byggingarnefndarteikningu

Dráttarvextir reiknast frá gjalddaga séu gjöldin ekki greidd á eindaga auk áfallins innheimtu-kostnaðar.

5. gr.

Taðþróargjald skal tryggt með lögveði í viðkomandi fasteign í tvö ár frá gjalddaga.

6. gr.

Gjaldskrá þessi, er sett samkvæmt ákvæðum 11. gr. laga nr. 55/2003 um meðhöndlun úrgangs og 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, með síðari breytingum.

7. gr.

Gjaldskrá þessi var samþykkt í bæjarráði 3. desember 2015 og í bæjarstjórn Hafnarfjarðar 9. desember 2015 og tekur gildi 1. janúar 2016.

Jafnframt fellur fyrri gjaldskrá nr. 15/2015 úr gildi.

*Hafnarfirði, 11. desember 2015.*

**Haraldur L. Haraldsson** bæjarstjóri.